



30. fundur, umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn miðvikudagur 22. janúar og hófst klukkan 12:00.

Mættir voru: Jósteynn Hermundsson, Oddur Skúlason, Aðalbjörn Arnarson, Karl Ásberg Steinsson, Reimar Sigurjónsson og Elías Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð.

Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

Dagskrá.

1. Rekstrarleyfi, Lyngholt ehf vegna Fjarðarvegs 12

Lagt fram erindi frá sýslumanni á Norðurlandi Eystra vegna umsagnar sveitarfélagsins um beiðni Lyngholts um rekstrarleyfi fyrir Fjarðarveg 12 (Þórshamar). Með breytingu á lögum nr.85/2007 er sveitarfélögum ekki lengur heimilt að gefa út tímabundið starfsleyfi til gistihúsa. Þessi breyting tók gildi 1. janúar 2017. Skv. því verður sveitarstjórn annað hvort að veita ótímabundin rekstrarsleyfi eða hafna. Fyrir liggur beiðni um rekstrarleyfi sem sveitarstjórn samþykkti til eins árs í nóvember sl.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til að umrætt rekstrarleyfi verði veitt að uppfylltum skilyrðum er fram koma í a.-e. lið 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007.

2. Lóðarmörk Bakkavegur 2

Lagður er fram uppdráttur sem sýnir mörk lóða við Bakkaveg 2 og næstu lóða. Skv. uppdrættinum er lóðin við Bakkaveg 2 samtals 637m².

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir fyrir sitt leiti sýnd lóðarmörk og felur sveitarstjóra að láta vinna lóðarblöð byggð á þeim.

3. Reglur um stöðuleyfi

Fram eru lögð drög að reglum um stöðuleyfi vegna lausamuna ásamt leiðbeiningum um stöðuleyfi eftir Ingibjörgu Halldórsdóttur hdl. hjá Mannvirkjastofnun.

Bókun afgreiðslu: Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti að áfram verði unnið að gerð reglna er varða stöðuleyfi. Sérstaklega verði skoðað hvort betra væri að binda gjald við stærð þess svæðis sem nýtt er undir lausamuni þá er tilheyra stöðuleyfinu.

4. Beiðni um umsögn frá sveitarstjórn: Skotæfingasvæði í Langanesbyggð

Erindi frá áhugahópi um skotæfingar, vísað til nefndarinnar frá sveitarstjórn. Áhugahópur um skotæfingar óskar eftir viðræðum um að óstofnuðu félagi verði úthlutað æfinga- og keppnissvæði fyrir skotíþróttir.



LANGANESBYGGÐ

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til að sveitarstjóra verði falið að ræða við fulltrúa hópsins. Nefndin leggur á það áherslu að í þeim viðræðum komi skýrt fram hvaða svæði gæti verið um að ræða og hvernig öryggismálum verði háttað.

5. Mögulegar lóðir við Langanesveg

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti þrjár teikningar sem sýna mögulega þéttingu byggðar við Langanesveg. Vinnan sem hér er kynnt er vegna fyrirspurnar um mögulega úthlutun lóðar við Langanesveg.

6. Húsnæðisáætlun, kynning

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti verkefnistillögu KPMG sem samþykkt var af sveitarstjórn þann 14. desember sl. Hlutverk húsnæðisáætlunar er að draga fram greinargóða mynd af stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, greina framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og setja fram hugmynd að áætlun um hvernig sveitarfélagið gæti mögulega komið að og mætt húsnæðisþörf. Einnig kynnti sveitarstjóri drög að teikningu hvar dregin er upp mynd af lausum lóðum í sveitarfélaginu og mögulegum lóðum sem hægt væri að úthluta.

7. Útlitsbreytingar á Langanesvegi 10

Lagðar fram tvær teikningar frá JeES arkitektum, dags. 14. des. 2017, um breytingar á útliti húss að Langanesvegi 10 (Bjarg).

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir framlagðar teikningar fyrir sitt leyti.

8. Beiðni frá Vegagerðinni um nýja námu við Rauðubrekku

Fram er lagður tölvupóstur dags 16. janúar 2018 hvar Vegagerðin fer þess á leit að vinna efni við Rauðubrekku á Brekknaheiði.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin tekur jákvætt í erindið og leggur til að heimild fyrir efnisvinnslu verði veitt.

9. Önnur mál.

9.1. Umsókn um stöðuleyfi – Agnar Jónsson vegna báts við Lækjarveg 7.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir stöðuleyfi og felur sveitarstjóra að ljúka málinu

9.2. Viðbygging við Hafliðabúð.

Ásberg kynnti fyrir nefndina hugmyndir sem uppi eru innan stjórnar björgunar-sveitarinnar Hafliða um stækkun Hafliðabúðar.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 14:40.